



...já heilbrigðisyrfirvöld fyrir baráttuna gegn heilahimmubólgu.

Setur upp frost

Það er nóg að gera næstu viku þeins og verið hefur. Undirbúningur hefur staðið yfir síðan í október," segir Ágústa Kristófersdóttir, verkefnastjóri sýninga í Listasafni Reykjavíkur. Þessa dagana vinnur hún ásamt stórum hópi iðnaðar- og tæknimanna við að setja upp sýningu Ólafs Eliassonar, Frost Activity, í Hafnarhúsinu í Reykjavík sem opnar um næstu helgi. „Þetta er stór sýning á okkar mælikvarða þó hún sé lítil á mælikvarða Ólafs. Hann er mjög samvinnuþýður maður og hefur lagt sig allan fram við að gera okkur lífið mjög auðvelt.“

Ágústa vill ekkert segja til um hvaða verk verða til sýnis á sýningunni. „Það hvílir mikil leynd yfir

Vikan sem verður

ÁGÚSTA KRISTÓFERSDÓTTIR

■ Er að setja upp sýningu Ólafs Eliassonar sem verður opnuð næstu helgi.

því, til að auka spennu fyrir sýningunni. Það er sjaldan sem við finnum fyrir svona miklum áhuga hjá almenningi á listsýningum. Það er stórkostlegt tækifæri til að fá listamann af þessu kalibri til okkar og við vonum að þetta verði til þess að auka áhuga almennings.“

Á endaspretti uppsetningar gefst minni tími til að sinna fjölskyldu og heimilislífi. „Jólatréð er ennþá uppi í stofunni hjá mér, það kemst kannski niður 18. janúar. Svo er strákurinn minn að byrja hjá



ÁGÚSTA KRISTÓFERSDÓTTIR

Mikil leynd hvílir yfir efni væntanlegrar sýningar Ólafs Eliassonar í Hafnarhúsinu.

nýrri dagmömmu. Hann er orðinn mjög svo safnvanur þrátt fyrir að vera aðeins rétt rúmlega árs gamall.

Ætli hann hafi ekki farið á fleiri sýningar á sínu stuttu ævi en margir gera á lífsleiðinni.“ ■



SVEPPI

Sveppi, sem eyddi síðari hluta jólafrísins í London með vini sínum Eidi Smára, boðar breytingar í 70 mínútum.

Óvissu-ástand í 70 mínútum

Ég sá það bara í DV í vikunni að Pétur væri að bætast við í þáttstjórnina hjá okkur," segir sjónvarpsmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson aðspurður um þær breytingar sem eru í aðsigt í sjónvarpsþættinum 70 mínútum. „Við erum að skipta um styrktaraðila og skoða hvort við ætlum að taka einhverja fleiri inn í þáttstjórnina. Það eru ýmsir sem koma til greina í þeim efnum en ekkert hefur verið ákveðið enn. Þátturinn mun taka breytingu en ég get lítið sagt á þessu stigi því ég veit í raun ekkert sjálfur um þetta.“

Víst er þó að Sveppi og Auddi halda áfram í þættinum. „Við vorum með lausa samninga um áramótin en ég er búinn að gera minn samning kláran og mér skilst að Auddi sé líka með sitt á hreinu. Annars verðum við báðir í Smáralindinni sautjándra þessa mánaðar og þá ætlum við að upplýsa aðeindur okkar um allar þær breytingar sem verða gerðar á þættinum," segir Sveppi, sem er nýkominn úr jólafríi en seinni hluta þess var hann staddur í London í heim-sókn hjá góðvini sínum Eidi Smára Guðjohnsen. ■

Nýjar bækur

Komin er út ný ljóðabók eftir Geirflaug Magnússon á vegum Lafleur-útgáfunnar. Bókin nefnist „N er aðeins bókstafur“ og er 60 bls. Fyrsta ljóðabók höfundar kom út 1974 og því á skáldið 30 ára skáldaafmæli í ár.

Veistu svarið?

Svör við spurningum á bls. 6

1. Fjögur ár.
2. Sverrir Þór Einarsson.
3. 25-32.



VILLI NAGLBÍTUR

Á ekki margar rólegar stundir sem þessar. Nýtir frítíman sinn vel, og reynir að vera skapandi þegar hann á frí.

Ræður ekki við hausinn á sér

Það virðist ekki vera mikið um frí í lífi Vilhelms Anton Jónssonar, sjónvarpsmanns og söngvara 200.000 naglbíta. Þá skiptir engu máli hvort hann eigi frí eða ekki. „Ég er alltaf að brasa eitthvað. Þegar ég á frí þá fer ég og geri eitthvað. Ég sit aldrei heima og horfi á loftljósið," viðurkennir Villi. „Ég mála mikið, myndir, svo reyni ég að fara í skotveiði eða hitta fólk, drekka öl og spjalla um lífið og tilveruna. Ég get ekki slökkt á mér. Ég þyrfti að læra tantra-jóga, eða eitthvað svoleiðis, til þess að geta lært að slaka á.“

Fridagar Villa fara þannig oft í hugmyndavinnu þar sem hann segist ekkert ráða við hausinn á sér. Hvort sem það er fyrir Naglbítanna, @-ið, myndlistina eða ein-

hver önnur verkefni. Hann tekur oft í gítarinn heima hjá sér og segist eiga bunka af lögum. Sum verða lögð Naglbítunum til munns, önnur eru ætluð öðrum framtíðartónlistarævintýrum. „Ég kemst aldrei í burta frá hugmyndunum mínum. Ég reyni að fara inn í allt og hafa gaman af heiminum. Þó að ég færi upp á Kilimanjaro, eða Norðurpólinn að hugsa, þá er ég alltaf með hugmyndir og höfuðni með.“

Þegar Villi á lengri frí reynir hann að nýta tímann til þess að ferðast. Hann fór t.d. í bakpokaförðalag til Króatíu og Bosnía/Hersegóvíu með kærustu sinni í sumar. „Það var til dæmis frí þar sem maður var að hugsa allan tímann og velta því fyrir

Fridagurinn

VILHELM ANTON JÓNSSON

■ Slappar ekki mikið af í frítíma sínum. Malar, býr til tónlist, skýtur dýr eða undirbýr næstu verkefni í höfðinu þegar hann á frí.

sér hvornig er að búa í landi þar sem fleiri þúsund manns voru dreppnir. Króatía er eitt fallegasta land sem ég hef komið til. Skrýtið, í ljósi þess að maður fer á bar þarna og það eru meiri líkur á því en minni að maðurinn sem afgreiðir þig um bjórinn, sem er kannski á þínum aldri, hafi drepið einhvern eða þekki einhvern sem var dreppinn," segir Villi að lokum. ■

Rocky



Þældu í einu! Næsta gella sem ég sef hjá verður númer fimmtíu! Kannski ég ætti að gefa henni blóm eða sérstök verðlaun eða eitthvað!

Prófaðu að gefa henni fullnægingu! Það er yfirleitt mjög vinsælt!



MUGISON

Breiðskífa Mugison, Lonely Mountain, var valinn besta rokkplata ársins hjá japanska tímaritinu Remix Magazine.

Mugison bestur í Japan

Fyrsta breiðskífa Mugison, Lonely Mountain, sem kom út hér á landi í lok árs 2002, var valin „besta rokkplata ársins“ af japanska tímaritinu Remix Magazine. Hún hafnaði svo í áttunda sæti á lista sem ræðaði saman bestu plötum ársins og þá var ekkert farið eftir tónlistarstefnu. Mugison heitir réttu nafni Örn Elías og býr á Ísafirði þar sem hann vinnur nú að annarri plötu sinni. Fyrsta platan fékk dreifingu víðs vegar í Evrópu og Japan við finar undirtektir. ■

Ung ráð

■ Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu að undanförmum eignarhald á fjölmiðlum. Uppi eru áform um að setja lög gegn hringamyndun og sýnist stítt hverjum.

Eignarhald á fjölmiðlum

Diljá Mist Einarsdóttir

16 ára, nemi í Verzlunarskóla Íslands

Ég aðhyllist einstaklingshyggju og frelsi einstaklingsins en þeir vankantar eru á þeirri stefnu að einn maður getur einokað markaðinn. Það hlýtur að hindra fjölbreytni og nýjungar. Það á að gefa einstaklingum ótakmarkað frelsi til að halda uppi harðari samkeppni en spurningin er hvar mörkin eiga að liggja? ■



Agnar Burgess

20 ára, nemi við Menntaskólann í Reykjavík

Það er allt í lagi að fólk eigi marga fjölmiðla ef eigendurnir eru ekki að skipta sér af því sem kemur frá fjölmiðlunum. En þetta er í grunninn spurning um að fólk gleymi því ekki að líta á allt sem skrifað er og sagt í öllum fjölmiðlum með gagnrýnum augum.

Sindri Eldon

17 ára, nemi í Borgarholtsskóla

Þrátt fyrir að mér finnst rangt að ríkið segi fólk hvað það má gera eða ekki finnst mér ennþá óhugnanlega að einn maður geti eignast alla fjölmiðlana. Mér finnst í rauninni sorglegt að sú staða geti komið upp. Ef ég ætti Morgunblaðið þá þætti



mér það bara nóg. Annað er bara graðgi og ég styð ríkið í að reyna að koma í veg fyrir að einn maður eignist allt.“

Dagbjört Hákonardóttir

19 ára, nemi í Menntaskólanum við Hamrahlíð

Ég mundi segja að öll gagnrýni sé réttmæt. Ég skil þau sjónarmið en eftir töluverða umhugsun hef ég komist að því að ég er sjálf ekki á móti eignarhaldi eins aðila á mörgum fjölmiðlum. Ég tel að að sé jákvætt á jafnlitum markaði og er á Íslandi að við fáum að njóta margra sjónarhorna og frjálstrar fjölmiðlunar og ég held því að við eigum að halda samkeppninni opinni.“

Örn Sigurðarson

18 ára nemi í Menntaskólanum við Sund

Mér finnst mjög skrytið að einn aðili geti eignað sér alla fjölmiðla og það ættu að vera einhver lög sem koma í veg fyrir að það geti gerst“

